

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna,
sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.**

1. gr.

Við 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Til náms telst einnig skiptinám við erlenda háskóla þótt námstími sé skemmri en 6 mánuðir, enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt og nemandi skráður í nám við íslenskan háskóla. Stundi nemandi sem hefur búsetu erlendis fjarnám við íslenskan háskóla skapar það eitt og sér ekki rétt til skattalegrar heimilisfesti hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. apríl 2011.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2011